

Fundargerð 29. mars 2016

Mætt: Jón Hjaltason, Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

Fjarverandi: Elsa María Guðmundsdóttir, Ólafur Baldursson og Hilmar Theodór.

Í upphafi var fundargerð 58. fundar lesin lauslega yfir og farið yfir atburði sem átt hafa sér stað frá því síðasti fundur var haldinn.

1. Dómaranámskeið eru væntanleg 4. og 19. maí. Fyrri námskeiðið verður í Reykjanesbæ og í Kópavogi þann 19. Þetta eru síðustu dómaranámskeið þessa vetrar sem við höldum. Fyrir lok þessa sundárs verður ákveðið hvaða dagsetningar henta fyrir námskeið á næsta sundári. Lagt hefur verið til að Viktoría, Sigurbór og Jón sjái um kennslu á næstu tveimur námskeiðum.
2. Björn Valdimarsson segir frá því sem gerðist á ÍF50 í Vatnaveröld í Reykjanesbæ fyrir í þessum mánuði. Hann lýsir því að allt hafi verið fyrir neðan virðingu móts af þessari stærð. Tæknibúrið var ekki í lagi, upp kom bilun í pötsum (startmegin voru þeir í lagi en snúningsmegin voru tveir í ólagi) og enginn tæknimaður var á staðnum. Ræsibúnaður var í ólagi, míkrafónninn í honum var bilaður. Sundlaugin var í kennslustillingu, einn sundmaður skallaði botninn í upphitun og synti ekki meira. Björn lýsir því að aðkoma að lauginni hafi verið óásættanleg. Tæknibúnaður laugarinnar var ekki í lagi, en hér þarf eigandi búnaðarins að sjá til þess að allt sé í lagi. Það verður að líta á aðkomu sem þessa alvarlegum augum og hún má ekki gerast aftur. Þá var opnunartími í lauginni ekki í lagi miðað við auglýstan tíma sundmótsins.
3. Óskað hefur verið eftir því af hálfu SSÍ að hafinn verði undirbúningur fyrir ÍM50 sem fram fer 22.-24. apríl. Jón Hjaltason mun senda út tilkynningar í vikunni um yfirdómara og dómara fyrir þetta mót. Sigurður Óli mun sjá um IMOC sem fram fer helgina á eftir.
4. FINA-skólinn: Sigurður Óli segir frá því að 36 þátttakendur hafi tilkynnt þátttöku sína í skólann, þar af átta erlendis frá, til að mynda frá Finnlandi, Kanada og Portúgal. Yfirdómari er leiðandi á sundmóti og því hefði verið jákvætt að sjá fleiri íslenska yfirdómara skráða í FINA-skólann. Lágmarkskrafan hjá FINA voru tíu manns og því er mikill fjöldi þátttakenda ánægjulegur.
5. Jón hefur hafið vinnu við ágríp að ársyfirliti dómaranefndar og óskar eftir því að aðrir nefndarmenn sendi honum tillögur að því sem fara má inn í það.

6. Yfirdómarafundur verður haldinn á milli mótshluta í ÍM50 og mun Björn Valdimarsson stýra þeim fundi í fjarveru Jón Hjaltasonar. Fyrirnefndi mun taka að sér að skipuleggja fundinn. Þess er vænst að miðlað verði af reynslu til annarra dómara.
7. Sigurður Óli ræðir um kvittun um „afbrigðileg sund“ og reglugerðir í kringum þau. Hann bendir á að breytingar sem gerðar eru á orðalagi reglugerða þurfi að fylgja nýju skjali svo hægt sé að fylgjast með þeim. Hann bendir á að blönduð sund sem eru 8x50m og 10x50m skriðsund þurfi að skoða sérstaklega. Þegar þessi sund eru synt þá á að kvitta upp á þau og þau eiga að vera lögleg. Þetta kallar á að yfirdómari kvitti upp á þessa tíma. Blönduð sund koma til sögunnar 2013, í kjölfar Ólympíuleikanna. Sigurður bendir á hróplegt ósamræmi í reglugerð SSÍ um þessi met. Æskilegt er að farið sé yfir hana og hún samræmd. Benda má á að í dag er tæplega hægt að útiloka mót sem sett eru í saltri laug í Vestmannaeyjum.
8. Ingibjörg Ýr ræðir að lítil stemning virðist vera fyrir AMÍ sem fram fer á Akranesi seint í júní. Eitthvað þarf að gera til að breyta þessu. Sundmenn hafa til að mynda áhyggjur af því að geta ekki synt niður. Á móti kemur að margir þeirra hafa synt á Akranesleikum og verið mjög ánægðir þar. Það þarf að reyna að setja upp sömu stemningu á AMÍ 2016 og þar.

Virðingarfyllt,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir